




Fundargerð – 512. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf var haldinn þriðjudaginn 2. mars 2020, kl. 15:30 í fundarsal Kölku að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ.

Mættir: Öundur Jónasson sem stýrði fundi, Ásrún Kristinsdóttir, Inga Rut Hlökkversdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Páll Orri Pálsson sem ritaði fundargerð og Steinþór Þórðarson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir febrúar.
 2. Starfsmannamál.
 3. Samstarf við UST vegna Kórónavíruss.
 4. Erindi frá Terra Efnaeyðingu vegna sjónvarpa og tölvuskjáa.
 5. Útfærð tillaga eða tilboð Terra í uppsetningu og rekstur grenndarstöðva á starfssvæði Kölku.
 6. Verkefni í gangi – Upplýsinga- og samskiptamál, ráðstöfun tímurs og ösku.
 7. Breytingar á skráningum hjá fyrirtækjaskrá.
 8. Önnur mál.
1. Framkvæmdastjóri stiklaði á stóru í rekstri Kölku frá síðasta stjórnarfundu. Í kynningu hans kom m.a. eftirfarandi fram:
 - a. Öryggis- og tryggingamál hafa verið í brennidepli í febrúar. Unnið er að undirbúningi að innleiðingu atvikaskráningarkerfis í samvinnu við Vís.
 - b. Framkvæmdastjóri fundaði með fulltrúa VÍS og öll tryggingavernd Kölku var tekin til skoðunar. Staða mála reyndist góð og ekki kalla á meiriháttar breytingar.
 - c. Undirbúningur sumarleyfa er hafinn og ákveðið að taka inn sumarafleysingafólk.
 - d. Sveitarfélagið Vogar hefur óskað eftir þátttöku Kölku á íbúafundi þann 4. mars nk. Þar verður farið, ásamt fulltrúum frá Terra, yfir ýmis mál varðand sorphirðu, flokkun o.fl. auk þess sem farið verður yfir áherslur stjórnar Kölku fyrir árið 2020.
 - e. Kalka hefur fest kaup á tveimur 20 feta gámum til að setja niður í stað ónýtra starfsmannahúsa í Grindavík og Vogum. Húsið í Grindavík er komið niður og verið að ganga frá tengingum og lögnum.
 2. **Starfsmannamál:** Trúnaðarmál.
 3. **Samstarf við UST vegna Kórónavíruss:** Umhverfisstofnun hefur kallað eftir fundi með stjórnendum Kölku til að ræða afköst og áreiðanleika stöðvarinnar og átta sig þannig á hlutverki hennar, komi til þess að mikið þurfi að brenna af sóttmengunum úrgangi.
 4. **Erindi frá Terra Efnaeyðingu vegna sjónvarpa og tölvuskjáa:** Vegna afar slæms verðs á tölvuskjám og sjónvörpum til endurvinnslu óskar TE eftir að Kalka falli tímabundið frá því að


innheimta samningsbundið verð. Framkvæmdastjóri kynnti erindið og rökstuðning TE. Framkvæmdastjóra falið að rýna í samning Terra og Kölku og vinna málið áfram.


5. Verkefni í gangi – Upplýsinga- og samskiptamál, ráðstöfun timburs og ösku.
6. Vegna tafa sem orðið hafa á breytingum á framkvæmdastjóra/prókúruhafa Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. áréttar stjórn Kölku samþykkt sína frá 10. september 2019 um heimild fyrir Steinþór Þórðarson (170665-5979) til að rita prókúru félagsins frá og með 1. október. Af sömu ástæðu áréttar stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar ákvörðun sína frá 8. október 2019 að Steinþór Þórðarson skuli koma í stað Jóns Norðfjörð sem stjórnarmaður í Berghólabraut ehf. og skulið það tilkynnt til fyrirtækjaskrár hið fyrsta.
7. **Önnur mál:** Kalka fékk senda tillögu frá Terra að söfnun á endurvinnslu efni í Reykjanesbæ með fjölgun grenndarstöðva og breytingum á Ásbrú. Kalka hefur áhuga á að bjóða góðgerðarfélagum aðgang að grenndarstöðvum með því að geta komið sínum söfnunarilátum fyrir á grenndarstöðvunum í samvinnu við Kölku.


Næsti fundur er áætlaður 14. apríl kl. 16.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30



Ónundur Jónasson


Ásrún Kristinsdóttir


Laufey Erlendsdóttir


Páll Orri Pálsson


Inga Rut Hlökkversdóttir


Steinþór Þórðarson